

Reykjavík, 30. mars 2010

## Afkoma Bakkavör Group á fjórða ársfjórðungi og árinu 2009

# MIKILL VIÐSNÚNINGUR Í REKSTRI OG AFKOMU ENDURFJÁRMÖGNUN LOKIÐ GÓÐAR HORFUR

- Mikil aukning EBITDA\* hagnaðar, eða 24,6%, en hann nam 27,2 milljörðum króna (135,1 m.punda) á árinu 2009 og var 1 milljarði króna (5,1 m.punda) umfram markmið félagsins
- Stórbætt EBITDA\* hlutfall á árinu, 8,2% samanborið við 6,7% árið 2008 – hækkaði enn frekar á fjórða ársfjórðungi í 8,7%
- Verulegur viðsnúningur í afkomu félagsins á árinu sem nemur 28,7 milljörðum króna (142,4 m.punda), en tap félagsins á árinu nam 2,4 milljörðum króna (11,8 m.punda) samanborið við 31,1 milljarðs króna tap (154,2 m.punda) árið 2008
- Frjálst fjárflæði styrktist verulega eða um 20,6 milljarða króna (102,3 m.punda) á árinu og nam 13,8 milljörðum króna (68,3 m.punda)
- Hagræðingaraðgerðir sem ráðist var í 2008 og 2009 hafa skilað aukinni arðsemi félagsins – sala á ferskum tilbúnum matvælum félagsins í Bretlandi jókst sérlega mikið eða um 5%
- Félagið gerir ráð fyrir að EBITDA hagnaður muni nema um 5,8 milljörðum króna (29 m.punda) á fyrsta ársfjórðungi 2010 sem er 53% aukning frá fyrra ári og að EBITDA hagnaður muni nema 29,2 milljörðum króna (145 m.punda) á ársgrundvelli
- Félagið hefur nú verið endurfjármagnað að fullu

### Ágúst Guðmundsson, forstjóri:

Mikill viðsnúningur hefur orðið í rekstri og afkomu félagsins eins og uppgjör ársins 2009 sýnir. Sala hefur aukist verulega á lykilmarkaði félagsins með fersk tilbúin matvæli í Bretlandi, auk þess sem sjóðstreymi hefur styrkst á ný. Þær aðgerðir sem félagið hefur ráðist í á síðastliðnum tveimur árum hafa skilað góðum árangri og erum við bjartsýn á framtíðarhorfur félagsins.

Þá hefur félagið verið endurfjármagnað að fullu í kjölfar samþykktar nauðasamnings þess en hann gengur út á framlengingu gjalddaga lána til ársins 2014 og útgáfu nýrra hlutaflokka sem styrkja efnahagsreikning félagsins. Samningurinn kemur í kjölfar endurfjármögnunar á rekstrarfélögum samstæðunnar sem gengið var frá snemma á síðasta ári og tryggir fjárhagslegan stöðugleika félagsins.

### Frekari upplýsingar veita:

Ágúst Guðmundsson, forstjóri  
Sími: 550 9700

Richard Howes, fjármálastjóri  
Sími: 550 9700

Ásdís Ýr Pétursdóttir, samskiptasvið  
Sími: 550 9715

\*EBITDA að undanskildum einskiptiskostnaði vegna hagræðingar  
\*\* Sala leiðrétt m.t.t. framleiðslu sem var afsalað vegna hagræðingar

**Rekstrarreikningur samstæðunnar - lykiltölur**
**Fjárhæðir í millj. GBP**

	3F 2009		3F 2008		Breyting		
	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	%
Sala .....	388,5	388,5	388,5	412,5	412,5	(6%)	
<b>Rekstrarhagnaður (tap)/EBIT .....</b>	<b>22,4</b>	<b>(0,2)</b>	<b>22,2</b>	<b>4,4</b>	<b>(37,0)</b>	<b>(32,6)</b>	<b>168%</b>
Fjármagnsgjöld .....	(21,8)	(7,4)	(29,2)	(13,0)	(1,3)	(14,3)	(104%)
Önnur fjármagnsgjöld .....		(2,6)	(2,6)		(53,8)	(53,8)	-
Tap af öðrum eignum .....		(12,4)	(12,4)		(0,5)	(0,5)	-
<b>(Tap) hagnaður fyrir skatta .....</b>	<b>0,6</b>	<b>(22,6)</b>	<b>(22,0)</b>	<b>(8,6)</b>	<b>(92,6)</b>	<b>(101,2)</b>	<b>-</b>
Tekjuskattur .....	5,2	0,8	6,0	3,0	(0,1)	2,9	-
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>5,8</b>	<b>(21,8)</b>	<b>(16,0)</b>	<b>(5,6)</b>	<b>(92,7)</b>	<b>(98,3)</b>	<b>84%</b>
(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens) .....	0,3		(0,7)	(0,3)		(4,5)	84%
EBITDA hlutfall .....	33,9	(0,2)	33,7	15,7	(19,5)	(3,8)	987%
EBITDA hlutfall .....	8,7%		8,7%	3,8%		(0,9%)	
Handbært fé frá (til) rekstrar .....			34,1			(29,2)	217%
Fjárlst fjárlæði frá (til) rekstrar .....			27,7			(38,6)	172%

	9M 2009		9M 2008		Breyting		
	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	Fyrir kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Kostn./hagræðingar & endurfjármögnunar og hagnað/tap af öðrum eignum	Alls	%
Sala .....	1.650,4	-	1.650,4	1.618,3	-	1.618,3	2%
<b>Rekstrarhagnaður/EBIT .....</b>	<b>90,6</b>	<b>(5,2)</b>	<b>85,4</b>	<b>63,7</b>	<b>(41,7)</b>	<b>22,0</b>	<b>288%</b>
Fjármagnsgjöld .....	(82,8)	(17,0)	(99,8)	(60,9)	(3,0)	(63,9)	(56%)
Önnur fjármagns(gjöld) tekjur .....		3,1	3,1		(51,0)	(51,0)	-
Tap af öðrum eignum .....		(16,9)	(16,9)		(63,0)	(63,0)	-
<b>(Tap) hagnaður fyrir skatta .....</b>	<b>7,8</b>	<b>(36,0)</b>	<b>(28,2)</b>	<b>2,8</b>	<b>(158,7)</b>	<b>(155,9)</b>	<b>-</b>
Tekjuskattur .....	11,5	4,9	16,4	0,8	0,9	1,7	-
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>19,3</b>	<b>(31,1)</b>	<b>(11,8)</b>	<b>3,6</b>	<b>(157,8)</b>	<b>(154,2)</b>	<b>-</b>
(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens) .....	0,8		(0,6)	0,2		(7,2)	91%
EBITDA hlutfall .....	135,1	(5,2)	129,9	108,4	(24,3)	84,1	54%
EBITDA hlutfall .....	8,2%		7,9%	6,7%		5,2%	-
Handbært fé frá rekstri .....			92,4			15,1	512%
Fjárlst fjárlæði frá (til) rekstrar .....			68,3			(34,0)	301%

**Efnahagsreikningur samstæðunnar - lykiltölur**
**Fjárhæðir í millj. GBP**

	31.12 2009		31.12 2008		Change	
	Skv. Ársreikningi	Áhrif nauðasamnings 2009	Proforma ársreikningur 2009			%
Fastafjármunir .....	1.193,6		1.193,6	1.222,3		(2%)
Veltufjármunir .....	285,8		285,8	533,5		(46%)
<b>Eignir .....</b>	<b>1.479,4</b>	<b>0,0</b>	<b>1.479,4</b>	<b>1.755,8</b>		<b>(16%)</b>
Eigið fé .....	107,6	144,2	251,8	122,7		105%
Breytanlegt lán .....		171,9	171,9			
Eigið fé og breytanlegt lán .....	107,6	316,1	423,7	122,7		245%
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	612,2	(5,9)	606,3	830,6		(27%)
Skammtímaskuldir .....	759,6	(310,2)	449,4	802,5		(44%)
<b>Eigið fé og skuldir .....</b>	<b>1.479,4</b>	<b>0,0</b>	<b>1.479,4</b>	<b>1.755,8</b>		<b>(16%)</b>

**Sjóðstreymi samstæðunnar - lykiltölur**
**Fjárhæðir í millj. GBP**

	Q4 2009		Q4 2008		Breyting	
	Q4 2009	Q4 2008	Breyting	12M 2009	12M 2008	Breyting
Handbært fé frá (til) rekstrar fyrir skatta og vexti .....	43,9	(22,7)	293%	152,0	45,7	233%
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar .....</b>	<b>34,1</b>	<b>(29,2)</b>	<b>217%</b>	<b>92,4</b>	<b>15,1</b>	<b>512%</b>
Fjárfestingahreyfingar .....	(12,4)	(9,3)	(33%)	(34,6)	(169,0)	80%
Fjármögnunarahreyfingar .....	(20,3)	42,6	(148%)	(230,3)	296,1	(178%)
Breyting handbærs fjár .....	1,4	4,1	(66%)	(172,5)	142,2	(221%)
<b>Fjárlst fjárlæði (til) frá rekstri .....</b>	<b>27,7</b>	<b>(38,6)</b>	<b>172%</b>	<b>68,3</b>	<b>(34,0)</b>	<b>301%</b>

Námundun talna getur leitt til þess að einhvers ósamræmis gæti milli talna í töflum og texta.

## Endurskoðun reikninga

Reikningar félagsins fyrir árið 2009 eru óendurskoðaðir en félagið mun birta endurskoðaða reikninga í viku 14.

## Yfirlit rekstrar á fjórða ársfjórðungi og árinu 2009

### Endurfjármögnun skulda félagsins

Samningar hafa náðst við lánveitendur móðurfélags Bakkavarar sem tryggir endurfjármögnun skulda félagsins að fjárhæð 63,7 milljarðar króna (316 m.punda).

Samningurinn felur í sér að 54% skulda breytast í breytanlegt lán með gjalddaga í júní 2014. Verði lánið ekki greitt á gjalddaga breytist það í hlutfé. Eftirstöðvunum, 46% skulda, eða 29 milljörðum króna (144 m.punda) verður breytt í hlutfé sem styrkir efnahagsreikning félagsins. Að teknu tilliti til útgáfu nýrra hluta hækkar eigið fé félagsins (pro forma) í árslok 2009 í 50,8 milljarða króna (251,8 m.punda), pro forma eiginfjárlutfall félagsins hækkar í 17% úr 7,3% og pro forma fjármagnskostnaður félagsins fyrir árið 2009 verður 13,5 milljarðar króna (67 m.punda) sem skilar sér í auknum hagnaði félagsins um 3,2 milljarða króna (15,8 m.punda).

Að endurfjármögnuninni lokinni nemur skuldastaða félagsins í árslok að undanskyldum breytanlegum lánum 125,8 milljörðum króna (623,8 m.punda). Hlutfall skulda á móti EBITDA hefði þess vegna verið um 4.6x í lok árs 2009. Í ljósi væntrar áframhaldandi aukinnar arðsemi og bættis sjóðstreymis félagsins gera áætlanir ráð fyrir að þetta hlutfall muni lækka niður fyrir 4.0x í árslok 2010 og niður fyrir 3.0x fyrir árið 2012.

### Yfirlit yfir afkomu Bakkavör Group á fjórða ársfjórðungi og árinu 2009

EBITDA-hagnaður og sjóðstreymi félagsins jukust verulega á árinu 2009 í kjölfar viðamikilla hagræðingaraðgerða sem félagið réðst í árið 2008 og lauk í byrjun árs 2009.

EBITDA-hagnaður fyrir kostnað vegna hagræðingaraðgerða nam 27,2 mö.kr. (135,1 m.punda) árið 2009 sem er aukning um 5,4 ma.kr. (26,7 m.punda) eða 24,6%. Þessi niðurstaða var 1 ma.kr. (5,1 m.punda) umfram markmið félagsins sem greint var frá í uppgjöri þriðja ársfjórðungs. EBITDA-hagnaður fyrir kostnað vegna hagræðingaraðgerða á fjórða ársfjórðungi 2009 jókst um 3,7 ma.kr. (18,2 m.punda) eða 116% í samanburði við fjórða ársfjórðung 2008 og nam 6,8 mö.kr. (33,9 m.punda). EBITDA hlutfall að undanskildum kostnaði vegna hagræðingaraðgerða jókst einnig töluvert eða um 150 punkta, í 8,2%, árið 2009 og um 490 punkta, í 8,7%, á fjórða ársfjórðungi.

Sala á ferskum tilbúnum matvælum félagsins í Bretlandi, lykilmarkaði þess, jókst verulega á árinu en sala í undirliggjandi rekstri<sup>1</sup> jókst um 5,3%\*. Sala félagsins á árinu nam 332,8 mö.kr. (1.651 m.punda) og 78,4 mö.kr. (389 m.punda) á fjórða ársfjórðungi 2009. Sala í undirliggjandi rekstri á föstu gengi dróst hinsvegar saman um 2% á árinu og um 3% á fjórða ársfjórðungi. Nánari upplýsingar er að finna í markaðs- og söluýfirliti á bls.6.

Rekstrarhagnaður fyrir einskiptiskostnað jókst umtalsvert á árinu eða um 5,4 ma.kr. (26,9 m.punda), sem jafngildir 42% aukningu, og nam 18,3 mö.kr. (90,6 m.punda). Rekstrarhagnaður fyrir einskiptiskostnað á fjórða ársfjórðungi nam 4,5 mö.kr. (22,4 m.punda) sem er aukning um 3,6 ma.kr. (18 m.punda) samanborið við á fjórða ársfjórðungi 2008.

<sup>1</sup> Sala í undirliggjandi rekstri nær einnig til félaga sem fjárfest var í á árinu, miðað við að þau hafi verið hluti af móðurfélaginu frá 1. október 2007

\*Sala félagsins á ferskum tilbúnum matvælum í Bretlandi undanskilur óarðbærar vörulínur sem hætt hefur verið framleiðslu á

Fjármagnsgjöld fyrir einskiptiskostnað námu 16,7 mö.kr. (82,8 m.punda) á árinu, sem er vel innan marka rekstrarhagnaðar félagsins. Einskiptiskostnaður nam 3,4 mö.kr. (17 m.punda) og fól meðal annars í sér gjaldfærslu vegna endurfjármögnunar félagsins á árinu.

Aðrar fjármagnstekjur námu 625 m.kr. (3,1 m.punda) á árinu samanborið við tap að fjárhæð 10,3 mö.kr. (51 m.punda) á sama tímabili 2008. Einkum má rekja þessa niðurstöðu til sveiflna á gangvirði vaxtaskiptasamninga og gengi gjaldmiðla. Tap á öðrum eignum félagsins endurspeglar öðru fremur virðisrýrnun eigna og gjaldfærslu ábyrgðar í tengslum við 30% hlut félagsins í Fram Foods hf.

Verulegur viðsnúningur var í afkomu félagsins á árinu eða sem nemur 28,7 mö.kr. (142,4 m.punda) og nam tap félagsins 2,4 mö.kr. (11,8 m.punda) á tímabilinu samanborið tap að fjárhæð 31,1 ma.kr. (154,2 m.punda) árið 2008. Tap á hlut nam 0,6 pensum 2009 samanborið við tap að fjárhæð 7,2 pens árið 2008.

### **Efnahagur 31. desember 2009**

Heildareignir félagsins 31. desember 2009 námu 298,4 mö.kr. (1,48 mö.punda) samanborið við 354,8 ma.kr. (1,76 ma.punda) í árslok 2008. Breytingin er að mestu tilkomin vegna greiðslu lána með handbæru fé og lækkunar á viðskiptakröfum.

Skammtímaskuldir lækkuðu um 8,7 ma.kr. (42,9 m.punda) í 153,1 ma.kr. (759,6 m.punda) í árslok. Þetta skýrist einkum af endurfjármögnun lána rekstrarfélaga samstæðunnar til 2012 auk þess sem 19,1 ma.kr. (94,9 m.punda) í handbæru fé voru nýttar til greiðslu annarra skammtímaskulda. Langtímaskuldir lækkuðu um 44 ma.kr. (218,4 m.punda) í 123,4 ma.kr. (612,2 m.punda) í árslok 2009 þar sem kuldir móðurfélagsins færðust úr því að vera langtíma kuldir í skammtímaskuldir á árinu auk greiðslu kulda með handbæru fé á tímabilinu.

Eigið fé félagsins dróst saman um 3 ma.kr. (15,1 m.punda) á árinu og nam 21,7 mö.kr. (107,6 m.punda) í árslok. Breytinguna má einkum rekja til taps félagsins og óhagstæðara mats á lífeyrisskuldbindingum félagsins í Bretlandi, en sveiflur á gengi gjaldmiðla vógu að hluta til upp á móti lækkuninni. Eiginfjárhluftfall í lok fjórða ársfjórðungs var 7,3% samanborið with 8,0% í lok þriðja ársfjórðungs 2009.

### **Sjóðstreymi**

Sjóðstreymi hefur haldið áfram að aukast á árinu sem skýrist einkum af bættri afkomu, betri stýringu veltufjár og markvissri fjárfestingastefnu. Frjálst fjárflæði frá rekstri\*\* nam 13,8 mö.kr. (68,3 m.punda) samanborið við 6,9 ma.kr. (34 m.punda) útlæði á síðasta ári, sem er viðsnúningur um 20,6 ma.kr. (102,3 m.punda). Frjálst fjárflæði frá rekstri á fjórða ársfjórðungi 2009 nam 5,6 mö.kr. (27,7 m.punda), samanborið við útlæði sem nam 7,8 mö.kr. (38,6 m.punda) á sama tímabili á síðasta ári sem er viðsnúningur um 13,4 ma.kr. (66,3 m.punda).

Veltufé frá rekstri jókst um 6,8 ma.kr (33,9 m.punda) vegna mikillar áherslu á innheimtu viðskiptakrafna og góðs samstarfs við birgja um að koma greiðslufrestum í eðlilegt horf. Greiðslur vegna einskiptiskostnaðar í tengslum við hagræðingaraðgerðir námu alls 2,5 mö.kr (12,3 m.punda).

Vaxtagreiðslur jukust um 3,5 ma.kr. (17,4 m.punda) í 11,3 ma.kr. (56,2 m.punda) á árinu 2009 vegna tilfærslna á gjalddögum vaxtagreiðslna og aukinnar skuldsetningar. Félagið greiddi tekjuskatt að fjárhæð 685 m.kr. (3,4 m.punda) á árinu 2009 samanborið við 1,7 ma.kr. (8,2 m.punda) endurgreiðslu á árinu 2008.

Fjárfestingarhreyfingar námu 7 mö.kr. (34,6 m.punda) á árinu 2009 samanborið við 34,1 ma.kr. (169 m.punda) á árinu 2008. Dregið hefur úr fjárfestingaþörf félagsins þar sem félagið hefur fjárfest vel í rekstrarfjármunum og fyrirtækjum á undanförunum þremur árum, samtals að fjárhæð 49 ma.kr. (243 m.punda).

\*\*Frjálst fjárflæði frá rekstri er skilgreint sem handbært fé frá rekstri eftir greiðslu vaxta, skatta og fjárfestinga í fastafjármunum.

# Helstu þættir sem höfðu áhrif á rekstur á fjórða ársfjórðungi og árinu 2009

## **Yfirlit**

Betri afkomu félagsins nú má öðru fremur rekja til áherslu stjórnenda á að auka hagkvæmni í rekstrinum, sem meðal annars fólst í viðamiklum hagræðingaraðgerðum sem ráðist var í 2008 og lauk vorið 2009. Í kjölfar þessara aðgerða skilar reksturinn nú á ný sterku sjóðstreymi og bættri afkomu á sama tíma og samkeppnisforskot á lykilmörkuðum hefur verið styrkt.

Þrátt fyrir krefjandi viðskiptaumhverfi og samdrátt í einkaneyslu hefur markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli í Bretlandi haldist stöðugur og jókst sala um 5% á milli ára. Sala á ferskum tilbúnum matvælum í Bretlandi nemur 75% af heildarveltu félagsins og jókst hún í samræmi við vöxt á markaðnum, en aukna sölu má einkum rekja til aukins markaðsstarfs, vel heppnaðrar vöruþróunar og þess að félagið styrkti stöðu sína í ákveðnum vöruflokkum.

Yfirlit yfir helstu þætti sem höfðu áhrif á rekstur Bakkavarar á árinu og aðgerðir félagsins til að bregðast við þeim er að finna hér fyrir neðan:

## **Aukin hagkvæmni í rekstri skilar bættu sjóðstreymi og auknu samkeppnisforskoti**

Eitt af helstu áherslumálum stjórnenda félagsins frá síðari hluta 2007 hefur verið að hámarka hagkvæmni. Eftir tímabil viðamikilla hagræðingaraðgerða er félagið nú vel í stakk búið til að takast á við núverandi aðstæður á mörkuðum og bregðast við breyttum markaðsaðstæðum. Meirihluti þessara aðgerða átti sér stað árið 2008 og lauk vorið 2009. Fólust hagræðingaraðgerðirnar meðal annars í því að 11 óarðbærum verksmiðjum félagsins var lokað auk þess sem framleiðsla var sameinuð bæði í Bretlandi og Frakklandi með það að markmiði að hámarka framleiðni og lágmarka kostnað. Í kjölfar þessara aðgerða skilar reksturinn sterku sjóðstreymi á ný og bættri afkomu, auk þess sem samkeppnisforskot á lykilmörkuðum hefur verið styrkt og hefur félagið endurheimt stöðu sína sem markaðsleiðandi í framleiðslu á tilbúnum réttum í Bretlandi.

## **Sala eykst við aukið markaðsstarf**

Í ljósi erfiðra efnahagsaðstæðna voru neytendur afar meðvitaðir um verð og verðbreytingar á árinu 2009 og héldu að sér höndum í innkaupum. Í samkeppninni um viðskiptavinum brugðust stórmarkaðirnir við þessari þróun með því að auka fjölda tilboða í verslunum, lækka verð og auka úrval ódýrari vara, sem margir viðskiptavinir nýttu sér. Til dæmis, af þeim 3 milljörðum rétta sem seldir voru á markaðnum fyrir fersk tilbúin matvæli, var yfir þriðjungur þeirra seldur á tilboðsverði á árinu 2009.

Aukið markaðsstarf og vel heppnuð þróun nýrra vörutegunda undir merkjum stórmarkaðanna juku sölu félagsins á tímabilinu, en aukinn kostnaður við markaðsstarf hafði hins vegar áhrif á framlegð. Reiknað er með að áframhald verði á þessari þróun á meðan neytendur halda áfram að horfa í verð og nýta sér tilboð við innkaup.

## **Lágmörkun áhrifa verðhækkana á hráefni forgangsverkefni**

Allt frá vetrarmánuðum 2007 og 2008 hafa stjórnendur lagt mikla áherslu á að lágmarka áhrif verðhækkana á hráefni og orkugjöfum sem og gengissveiflna gjaldmiðla á rekstur félagsins. Þessar hækkanir gengu að hluta til til baka á árinu 2009. Áhrifa þeirra heldur engu að síður enn áfram að gæta, öðru fremur vegna gengissveiflna breska pundsins gagnvart öðrum myntum, ekki síst við innkaup á fersku hráefni frá erlendum birgjum. Ennfremur náði verð á breskum mjólkurvörum nýjum hæðum á fjórða ársfjórðungi 2009, eftir að hafa lækkað á fyrri helmingi árs, vegna inngripa Evrópusambandsins á markaði fyrir mjólkurafurðir. Stjórnendur hafa því áfram lagt áherslu á að draga úr áhrifum fyrrnefndra verðhækkana eins og kostur er, meðal annars með því að endurskoða samninga við viðskiptavinum og birgja og nýta stærðarhagkvæmni í innkaupum.


## Markaðs- og söluyfirlit félagsins eftir landsvæðum

### Bretland

Í Bretlandi framleiðir Bakkavör Group úrval ferskra tilbúinna matvæla og óskorins grænmetis. Sala á ferskum tilbúnum matvælum nam 89% af heildarveltu félagsins í Bretlandi árið 2009 en þar nær markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli yfir vöruflokka á borð við tilbúna rétti, eftirrétti, fersk salöt, tilbúin salöt, pizzur, ídýfur, niðurskorna ávexti og súpur. Sala félagsins í flokki óskorins grænmetis nam 11% af heildarveltu þess í Bretlandi á árinu en félagið selur m.a. kál, tómata og gúrkur.

### Markaðurinn með fersk tilbúin matvæli helst stöðugur

Sala á ferskum tilbúnum matvælum á markaðnum í heild jókst á árinu 2009, þrátt fyrir ríkjandi efnahagsástand sem sýnir að eftirspurn eftir ferskum tilbúnum matvælum á viðráðanlegu hefur ekki breyst.



Markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli í heild óx um 5,3% á árinu 2009 sem öðru fremur má rekja til aukins markaðsstarfs og hagstæðs veðurs yfir sumarmánuðina sem hafði jákvæð áhrif á sölu. Undirliggjandi sala félagsins\* var í samræmi við vöxt á markaðnum í

heild á árinu og jókst um 5,3% sem einkum má rekja til mikillar söluaukningar í flokkum á borð við „óhefðbundin tilbúin salöt“ (sem innihalda hrísgrjón, kúskús, eða pasta sem grunnhráefni), eftirrétti, niðurskorið grænmeti og “stir-fries”.

Á fjórða ársfjórðungi jókst undirliggjandi sala félagsins um 5,2% sem var rétt undir söluaukningu á markaðnum í heild á sama tíma. Á ársfjórðungnum varð góð söluaukning í flokkum á borð við „rétti tilbúna til eldunar“ (e. ready-to-cook), eftirrétti, tilbúin salöt, “stir fries” og brauð.


### Endurskipulagning í framleiðslu félagsins á óskornu grænmeti hefur áhrif á sölu

Eins og áður hefur verið greint frá hefur félagið verið að endurmeta stöðu sína á sviði fersks óskorins grænmetis með það að markmiði að laga félagið að breytingum á hópi viðskiptavina þess og að aðstæðum á markaði en einnig til að stækka hóp viðskiptavina og eins leggja aukna áherslu á sölu arðbærari vörutegunda. Þetta ferli hefur meðal annars falið í sér að félagið hætti að útvega einum af viðskiptavinum sínum tiltekna vörutegundir í kjölfar endurskipulagningar á innkaupum hjá viðkomandi viðskiptavini. Á fjórða ársfjórðungi var eitt af fyrirtækjum Bakkavarar, International Produce, selt. Eins og reiknað var með minnkaði sala félagsins á fersku tilbúnu grænmeti í undirliggjandi rekstri á árinu um 29% og um 37% á fjórða ársfjórðungi.

\*Sala félagsins í undirliggjandi rekstri er að undanskyldum vörutegundum sem félagið hætti að framleiða, sölu til veitingahúsakeðja og veltu frá sameignarfélögum

### Samdráttur í sölu á óskornu grænmeti hefur áhrif á heildarsölu í Bretlandi

Á árinu 2009 dró úr söluaukningu á matvælamarkaðnum í heild en hún nam 4,8% (samanborið við 7,2% árið 2008) þar sem draga tók úr áhrifum verðhækkana á hráefni.



Sala í Bretlandi nam 84% af heildarveltu félagsins á árinu eða 279,7 mö.kr. (1387,3 m.punda) og 65,5 mö.kr. (324,7 m.punda) á fjórða ársfjórðungi 2009.

Á sama tíma og góð söluaukning var á ferskum tilbúnum matvælum félagsins, hélt samdráttur í sölu á óskornu grænmeti áfram að hafa áhrif á heildarsölu Bakkavarar í Bretlandi. Undirliggjandi sala félagsins í Bretlandi jókst um 1% á

árinu en jókst ekkert á fjórða ársfjórðungi.

## Meginland Evrópu

### Búið í haginn fyrir framtíðarvöxt á sama tíma og tekist er á við krefjandi aðstæður

Bakkavör er með starfsemi í Frakklandi, á Spáni, á Ítalíu, í Belgíu og í Tékklandi þar sem félagið framleiðir fersk tilbúin matvæli eins og salöt, pizzur, tilbúna rétti, súpur, niðurskorið grænmeti og ávexti. Sala á meginlandi Evrópu nam 13% af heildarveltu félagsins á árinu og nam 42,6 mö.kr. (211,2 m.punda) en 10,5 mö.kr. (52,1 m.punda) á fjórða ársfjórðungi 2009.

Þrátt fyrir að lönd eins og Spánn muni þurfa tíma til að koma hagkerfinu í betra horf eftir núverandi efnahagsþrengingar voru skýr merki um að efnahagsbati væri hafinn í flestum af stærri hagkerfum meginlands Evrópu. Afkoma Bakkavarar á meginlandinu á árinu var mismunandi eftir mörkuðum. Í Belgíu og Frakklandi hélt félagið áfram að stækka hóp viðskiptavina og auka fjölbreytni í vöruúrvali, auk þess sem leitast var við að nýta ný tækifæri til samlegðar hjá félaginu. Sérlega góður árangur náðist til dæmis hjá pizzuverksmiðju félagsins á Ítalíu þar sem undirliggjandi sala jókst um 11% á árinu. Góður árangur náðist einnig hjá verksmiðju félagsins í Tékklandi sem nú er farin að skila hagnaði. Verulega dró hins vegar úr sölu á salötum í Frakklandi og á Spáni vegna krefjandi efnahagsaðstæðna, aukinnar samkeppni, minni framlegðar og aukins kostnaðar við markaðsstarf. Vegna þessa hefur félagið sameinað rekstur allra salatverksmiðja félagsins sem gerir félaginu kleift að hámarka framleiðni og nýta aukið svigrúm til að laga sig að breyttum markaðsaðstæðum.

Á sama tíma og krefjandi aðstæður í efnahagslífinu hafa dregið tímabundið úr einkaneyslu eru langtímahorfur á markaðnum fyrir fersk tilbúin matvæli á meginlandi Evrópu áfram góðar. Eftirspurn neytenda virðist aukast jafnt og þétt og félagið mun halda áfram að styrkja stöðu sína enn frekar á þessum markaði á næstu árum.

Sala á meginlandi Evrópu jókst um 15% á árinu og um 3% á ársfjórðungnum. Undirliggjandi sala á föstu gengi á meginlandi Evrópu dróst hins vegar saman um 7% á árinu og dróst saman um 4% á fjórða ársfjórðungi, sem er til merkis um erfiðar efnahagsaðstæður.

## Aðrir heimshlutar

### **Samdráttur í einkaneyslu hefur áhrif á sölu**

Að undanskyldu Bretlandi og meginlandi Evrópu er Bakkavör einnig með starfsemi í Asíu og í Bandaríkjunum. Sala félagsins í þessum heimshlutum nam samanlagt 3% af heildarveltu félagsins á árinu 2009 eða 10,5 milljörðum króna (51,9 milljónum punda) og 2,4 milljörðum króna (11,7 milljónum punda) á fjórða ársfjórðungi.

Á árinu 2009 einbeittu fyrirtæki félagsins í Asíu og Bandaríkjunum sér að því að þróa frekar viðskiptasambönd og vöruúrval félagsins þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt í einkaneyslu. Í Asíu hefur félagið aukið vöruúrval fyrir veitingahúsakeðjur í Kína auk þess sem að Bakkavör studdi einn lykilviðskiptavin félagsins í Bretlandi í að markaðssetja í fyrsta skipti úrval kældra vara, s.s., samlokur, salöt og hristinga (e. smoothies) í Hong Kong, með góðum árangri. Í Bandaríkjunum hefur félagið þróað nýjar vörutegundir, svo sem eftirrætti, salöt, bakkelsi, pasta og sósur fyrir smásölumarkaðinn með góðum árangri, auk þess sem félagið er sem stendur langt komið í samningaviðræðum við nýja viðskiptavini um frekari tækifæri á bandaríska markaðnum.

Samanlögð sala í Asíu og Bandaríkjunum jókst um 14% 2009 en dróst saman um 41% á fjórða ársfjórðungi 2009. Sé hins vegar miðað við fast gengi jókst undirliggjandi sala félagsins í Bandaríkjunum um 5% á árinu en dróst saman um 5% í Asíu. Þetta má rekja til áhrifa aukinnar samkeppni um framleiðslu fyrir veitingahúsakeðjur í Kína auk þess sem hætt var framleiðslu ákveðinna óarðbærra vörulína. Á sama tíma og þessar aðgerðir hafa hægt á söluaukningu félagsins í Kína hefur arðsemi félagsins þar í landi aukist.

## Framtíðarhorfur

Sala félagsins í ár fer vel af stað og hefur undirliggjandi sala á ferskum tilbúnum matvælum aukist um 11% í Bretlandi á fyrstu tveimur mánuðum ársins, sem öðru fremur má rekja til aukinnar sölu í flokkum heitra vöruflokka. Gert er ráð fyrir að arðsemi muni halda áfram að batna á komandi misserum. Áætlað er að EBITDA-hagnaður muni nema 5,8 milljörðum króna (29 milljónum punda) á fyrsta ársfjórðungi 2010, sem er 53% aukning miðað við sama tímabil 2009, og EBITDA hlutfall verði 8,5%. Þetta þýðir að EBITDA-hagnaður á ársgrundvelli muni nema um 29,2 milljörðum króna (145 milljónum punda).

Félagið mun áfram einbeita sér að því að bregðast við krefjandi aðstæðum á mörkuðum og leggja áherslu á að styrkja rekstur félagsins, bæta nýtingu og auka samlegðaráhrif á milli verksmiðja innan samstæðunnar. Í kjölfar viðamikilla hagræðingaraðgerða, lágmarkunar áhrifa verðhækkana á hráefni og bættrar nýtingar í rekstri hefur arðsemi félagsins batnað til muna. Nýafstaðin endurfjármögnun félagsins veitir traustan fjárhagslegan grunn og mun félagið halda áfram að efla markaðsstöðu félagsins á alþjóðamörkuðum ásamt því að viðhalda sterkri stöðu sinni í Bretlandi.

Þrátt fyrir að félagið leggi mikla áherslu á góðan rekstrarárangur næstu misserin, hefur framtíðarsýn félagsins ekkert breyst: að vera leiðandi í framleiðslu á markaðnum fyrir fersk tilbúin matvæli á alþjóðavísu. Félagið hefur fulla trú á að eftirspurnin eftir ferskum tilbúnum matvælum muni halda áfram að aukast á alþjóðamörkuðum til lengri tíma lítið.



	4F 2009	3F 2009	2F 2009	1F 2009	4F 2008
Sala .....	388,5	425,5	426,6	409,8	412,5
Kostnaðarverð seldra vara .....	(301,0)	(321,0)	(334,7)	(331,3)	(321,8)
<b>Framlegð .....</b>	<b>87,5</b>	<b>104,5</b>	<b>91,9</b>	<b>78,5</b>	<b>90,7</b>
Annar rekstrarkostnaður .....	(65,2)	(70,9)	(65,7)	(71,0)	(85,9)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	0,1	0,5	0,2	0,2	(0,4)
<b>Rekstrarhagnaður án kostnaðar v. endurskipulagningar.....</b>	<b>22,4</b>	<b>34,1</b>	<b>26,4</b>	<b>7,7</b>	<b>4,4</b>
Kostnaður vegna endurskipulagningar .....	(0,2)	(0,4)	(4,6)	0,0	(37,0)
<b>Rekstrar (tap) hagnaður með kostnaði v. endurskipulagningar..</b>	<b>22,2</b>	<b>33,7</b>	<b>21,8</b>	<b>7,7</b>	<b>(32,6)</b>
Fjármagnsgjöld .....	(29,2)	(26,3)	(24,1)	(20,2)	(14,3)
Önnur fjármagns(gjöld) tekjur .....	(2,6)	(18,7)	31,3	(6,9)	(53,8)
Tap af öðrum fjármálagerningum .....	(12,4)	(0,8)	(3,7)	0,0	(0,5)
<b>(Tap) hagnaður fyrir skatta .....</b>	<b>(22,0)</b>	<b>(12,1)</b>	<b>25,3</b>	<b>(19,4)</b>	<b>(101,2)</b>
Tekjuskattur .....	6,0	(2,0)	1,1	11,3	2,9
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>(16,0)</b>	<b>(14,1)</b>	<b>26,4</b>	<b>(8,1)</b>	<b>(98,3)</b>
(Tap) hagnaður hluthafa .....	(15,9)	(14,9)	26,1	(8,5)	(97,1)
Hlutdeild minnihluta .....	(0,1)	0,8	0,3	0,4	(1,2)
<b>(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens) .....</b>	<b>(0,7)</b>	<b>(0,7)</b>	<b>1,2</b>	<b>(0,4)</b>	<b>(4,5)</b>
EBITDA án kostnaðar vegna endurskipulagningar.....	33,9	45,2	37,3	18,7	15,7
EBITDA með kostnaði vegna endurskipulagningar.....	33,7	44,8	32,7	18,7	(3,8)
EBITDA hlutfall án kostnaðar vegna endurskipulagningar.....	8,7%	10,6%	8,7%	4,6%	3,8%
EBITDA hlutfall með kostnaði vegna endurskipulagningar.....	8,7%	10,5%	7,7%	4,6%	-0,9%

### Kynningarfundur vegna uppgjörs fjórða ársfjórðungs og ársins 2009 31. mars kl. 9:00

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 31. mars kl. 9:00 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík. Á fundinum munu Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður, Ágúst Guðmundsson, forstjóri, og Richard Howes, fjármálastjóri, skýra uppgjörið og svara fyrirspurnum.

### Fjárhagsdagatal 2010

Árslutauppgjör – fyrsti ársfjórðungur 2010	14. maí 2010
Aðalfundur	14. maí 2010
Árslutauppgjör – annar ársfjórðungur 2010	30. ágúst 2010
Árslutauppgjör – þriðji ársfjórðungur 2010	25. nóvember 2010
Árslutauppgjör – fjórði ársfjórðungur 2010	30. mars 2011

### Um Bakkavör Group

*Bakkavör Group er leiðandi alþjóðlegt matvæla fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu ferskra tilbúinna matvæla. Heildarvelta félagsins nam 1,7 milljörðum punda árið 2009. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en auk þess er félagið með framleiðslu í 8 öðrum löndum: Frakklandi, Belgíu, Ítalíu, Spáni, Tékklandi, Suður-Afríku, Kína og Hong Kong, og Bandaríkjunum.*

*Stefna Bakkavör Group er að vera leiðandi í framleiðslu á ferskum tilbúnum matvælum á alþjóðavísu. Félagið hefur náð leiðandi markaðsstöðu í helstu lykilvöruflokkum sínum og framleiðir yfir 6.000 vörutegundir í 18 vöruflokkum. Vörur félagsins eru seldar undir vörumerkjum stórmarkaðanna*

*Höfuðstöðvar eru í Reykjavík og í Lincolnshire, Bretlandi. Félagið er skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi – [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com). (Auðkenni BAKK).*